

## Endurmenntun, starfsþróun og fræðsla forstöðumanna ríkisstofnana

Í [reglum um starfskjör forstöðumanna](#) er kveðið á um skyldu forstöðumanna til að viðhalda og þróa starfshæfni sína og menntun með þátttöku á ráðstefnum, námskeiðum eða sækja viðurkennt framhaldsnám með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis (6. gr.). Forstöðumaður á rétt á launuðu leyfi til að sækja endurmenntun eða sinna starfsþróun í samræmi við starfsþróunaráætlun stjórnenda.

Lengd leyfis er allt að tvær vikur á ári. Unnt er að veita lengra leyfi á lengra árabili en uppsafnaður réttur getur aldrei orðið meiri en sex mánuðir. Tómstundanámskeið eru ekki styrkhæf. Þá er greiddur allt að helmingur kostnaðar vegna tölvukaupa.

Um laun og önnur atriði í leyfinu gilda sambærileg ákvæði og í 10. kafla [kjarasamnings Félags háskólamenntara starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra](#) eins og hann er á hverjum tíma. Þar kemur m.a. fram að í leyfinu skuli viðkomandi halda reglubundnum launum.

Einstaka sérreglur um fræðslu og endurmenntun um ákveðna forstöðumenn halda gildi sínu.

Samkvæmt [stjórnendastefnu ríkisins](#) skal fræðsla og endurmenntun vera í samræmi við starfsþróunaráætlun og í takt við kröfur, hæfni, menntun, reynslu og áhugasvið. Í stjórnendastefnu ríkisins segir jafnframt að á síðasta ári skipunartíma stjórnanda skal fara yfir þá starfsþróunarmöguleika sem standa viðkomandi til boða þegar það á við.

Ríkissjóður greiðir gjald í starfsmenntunarsjóð embættismanna sem nemur 0,92% af reglubundnum heildarlaunum. Rétt á styrkjum úr sjóðnum öðlast forstöðumenn sex mánuðum eftir að ráðningarsamband hefst og halda þeir réttinum í sex mánuði eftir að ráðningarsambandi lýkur.

Frekari upplýsingar um úthlutun styrkja úr starfsmenntunarsjóði embættismanna má nálgast á heimasíðu sjóðsins, [starfsmenntunarsjodur.is](http://starfsmenntunarsjodur.is), þar sem einnig er sótt er um styrki í sjóðinn.